

Íslenska 1. bekkur 2025 - 2026

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Sjöfn Pétursdóttir

1

Lýsing

Unnið með Byrjendalæsisaðferðina í íslensku. Unnið með valið námsefni í samþættingu námsgreina, íslensku, samfélagsfræði og listgreina.

Lestur á hverjum degi í lestrarhópum ásamt daglegum heimalestri. Jafnframt unnið með ritun og framsögn.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Byrjendalæsi byggir á samþættingu námsgreina, einna helst íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og myndmennt svo eitthvað sé nefnt. Námið byggir á því að nemendur lesa gæðatexta sem þeir vinna síðan með á margvíslegan máta út frá fyrrnefndum greinum

Námsaðlögun

Bein kennsla, einstaklingsvinna, hópverkefni, verklegar æfingar, umræður og kannanir. fá verkefni við eigin hæfni og getu.

Nemendur fá verkefni við eigin hæfni og getu.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri Varmahlíðarskóli 2022-2023 námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS íslenska 1.-2.b

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Vinnur með orðaforða í tengslum við merkingu og samhengi texta.
- Getur unnið með samsett orð og rím.
- Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni.
- Þekkir hugtakið sögupersóna.
- Nái lágmarks lesfímiviðmiðum að vori.
- Getur leyst einföld lesskilningsverkefni.
- Spáir fyrir um framhald efnis.

VS íslenska 1.-2.b - Talað mál, hlustun og áhorf

- Kann nokkrar einfaldar vísur, þulur og ljóð.
- Getur endursagt stuttar sögur og atburði.
- Talar skýrt og áheyrilega og kemur hugsun sinni í orð.

VS íslenska 1.-2.b - Lestur og bókmenntir

- Kann alla bókstafi og hljóð þeirra (stóra og litla) og þekkir hugtakið bókstafur.
- Getur greint þriggja til fjögurra hljóða orð sem eru hljóðuð (við hljóðun). .
- Getur greint fremsta, mið og síðasta hljóð í þriggja stafa orði.
- Þekkir algengar orðmyndir.
- Getur lesið a.m.k. fimm orða setningu.
- Þekkir lestrarmerkin punkt, kommu og spurningamerki.

- Notar hljóða/lesbútaaðferð til að lesa óþekkt orð.

VS íslenska 1.-2.b - Ritun

- Þekki skriftaráttina.
- Geri greinarmun á stórum og litlum staf.
- Skrifar skýrt og læsilega.
- Getur skrifað einfalda frásögn eftir mynd (2-5 setningar).
- Hefur bil á milli orða.
- Getur lesið upp fyrir aðra.

VS íslenska 1.-2.b - Málfræði

- Kann íslensku stafrófsvísuna.
- Getur fundið "orð úr orði" í lykilorði.
- Býr til einföld samsett orð.
- Getur leikið sér með orð, s.s. að ríma og þekkir það hugtak.
- Þekkir sérhljóða og samhljóða.
- Þekkir stafrófið og getur nýtt það í vinnu.